



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Staða persónulegrar notendastýrðar aðstoðar (NPA)*

Forsaga:

Minnisblað þetta er lagt fram til að varpa ljósi á stöðu mála varðandi notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Minnisblað um NPA var lagt fyrir velferðarráð 15. mars sl. Þá lá fyrir að löggjafinn hafði framlengt innleiðingartímabil NPA um tvö ár, eða til loka árs 2024. Jafnframt að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hygðist fjölga NPA samningum um 56 á árinu 2023.

Greinargerð:

Í Reykjavík eru 27 einstaklingar með þjónustu í formi NPA. Þá eiga 39 einstaklingar samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur ákveðið að umsóknarfrestur sveitarfélaga til að skila umsóknum um mótframlag vegna fjölgunar samninga verði 31. maí nk.

Sú ákvörðun hefur verið tekin í samráði við fjármálastjóra borgarinnar að bíða eftir skýrslu starfshóps um endurskoðun kostnaðarskiptingar ríkis og sveitarfélaga áður en ákvörðun um fjölgun NPA samninga á árinu 2023 verður tekin. Gert er ráð fyrir að skýrslunni verði skilað í þessum mánuði.

Borgarlögmaður hefur bent á að lagalegur réttur einstaklinga til að fá þjónustu í formi NPA sé mjög sterkur og að hafa þurfi það í huga.

Þá liggur fyrir að unnið er að endurskoðun reglugerðar um NPA í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og er gert ráð fyrir að ný reglugerð taki gildi 1. janúar 2024. Vegna þessa er þörf á að framlengja núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um NPA til næstu áramóta.

Nettó kostnaður við þá 27 samninga sem nú eru í gildi verða um 1,1 ma.kr. á árinu 2023. Gjöld verða um 1,4 ma.kr. og áætlaður hluti ríkisins um 340 m.kr.

Meðalkostnaður fyrir hvern og einn NPA samning er því um 38 m.kr. á ári (25% mótframlag ríkisins talið með).

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við að gera samning um NPA við þá 39 notendur sem eru á bið eru 1,5 ma.kr. á ári.

Ljóst er að núverandi staða er bagaleg fyrir þann hóp fatlaðs fólks sem er með gildandi samninga til og með 30. júní nk. sem og þann hóp fólks sem á samþykktar umsóknir á bið. Unnið hefur verið að endurmati á gildandi samningum og ljóst að þeir samningar



Reykjavíkurborg

munu verða endurnýjaðir. Aðrir sem eiga samþykktar umsóknir eru í mikilli óvissu um næstu skref.